

Marel: Uppgjör fyrsta ársfjórðungs birt 3. maí, afkomufundur 4. maí 2023

Marel hf. mun birta uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2023 eftir lokun markaða þann 3. maí 2023.

Afkomufundur með markaðsaðilum

Fimmtudaginn 4. maí 2023 kl. 8:30 verður haldinn afkomufundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila en þar munu stjórnendur kynna afkomu félagsins og helstu atriði úr rekstri á fyrsta ársfjórðungi.

Afkomufundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins í Austurhrauni 9, Garðabæ. Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.

[Skráning fer fram hér.](#) Fundinum verður streymt beint á Zoom og upptaka af fundinum verður aðgengileg á marel.com/ir eftir fundinn.

Fjárhagsdagatal

- 2F 2023 – 26. júlí 2023
- 3F 2023 – 23. október 2023
- 4F 2023 – 7. febrúar 2023

Fjárfestatengsl

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Marel í gegnum netfangið ir@marel.com og í síma 563 8001.

Um Marel

Marel (NASDAQ: MAREL; AEX: MAREL) er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu á kjúklingi, kjöti og fiski. Í gegnum árin, hefur Marel skref fyrir skref, útvíkkað starfsemi sína. Með kaupunum á Wenger 2022 myndast fjórða stoðin í viðskiptamódeli Marel með áherslu á lausnum fyrir matvælavinnslu fyrir gæludýr, plöntuprótein og fôður fyrir fiskeldi. Hjá félaginu starfa um 8.000 manns í yfir 30 löndum, þar af um 800 á Íslandi. Tekjur Marel námu um 1,7 milljarði evra árið 2022 en árlega fjárfestir Marel um 6% af tekjum í nýsköpun og vöruþróun sem styður við aukna hagkvæmni, öryggi og sjálfbærni í matvælavinnslu. Félagið hefur verið skráð í Kauphöll Íslands síðan 1992 og var lokið við tvíhliða skráningu í Euronext Kauphöllina í Amsterdam árið 2019. Frekari upplýsingar má finna á marel.com/ir.

Viðhengi

[Marel: Uppgjör fyrsta ársfjórðungs birt 3. maí, afkomufundur 4. maí 2023](#)